September 2011

Íslenskur sjávarútvegur

Sjávarútvegsteymi Íslandsbanka

Íslandsbanki
Traustur samstarfsaðili í sjávarútvegi

Formáli

Íslandsbanki og forverar hans hafa tengst sjávarútvegi nánum böndum síðan bankinn var stofnaður árið 1904. Tilgangur bankans var upphaflega að styðja við vélvæðingu fiskveiðiflotans og þróun nútímatækni við veiðar. Íslandsbanki fjármagnaði til að mynda kaupin á fyrstu tveimur vélknúnu togurunum, Jóni forseta og Coot, sem voru fengnir til landsins árin 1904 og 1907.

Sjávarútvegur er Íslandsbanka mjög mikilvægur enda eru lán til sjávarútvegsfyrirtækja þriðji stærsti hlutinn af lánasafni bankans eða um 13%. Bankinn hefur með reglulegum hætti gefið út greiningarefni um sjávarútveg í ýmsum löndum og sent frá sér álit á málefnum tengdum honum. Til að þjónusta sjávarútveginn enn betur á alþjóðagrundvelli stofnaði bankinn dótturfyrirtækið Glacier í ár sem er ráðgjafarfyrirtæki í sjávarútvegi staðsett í New York.

Okkur er sönn ánægja að birta nýja skýrslu um íslenskan sjávarútveg. Í henni er fjallað um lykilatriði í atvinnugreininni í dag, auk þess að lýsa sjónarhorni Íslandsbanka á greinina og málefnum innan hennar.

Skýrslan er fyrst og fremst ætluð hagsmunaaðilum innan íslensks sjávarútvegs og áhugafólki um greinina. Skýrslan er einnig gefin út á ensku og ætti að veita erlendum lesendum innsýn í mikilvægi sjávarútvegs fyrir íslenska hagkerfið og undirstrika áherslu Íslandsbanka á þjónustu við sjávarútvegsfyrirtæki innanlands og utan.

Rúnar Jónsson

viðskiptastjóri sjávarútvegs
Íslandsbanka

Íslandsbanki

Íslandsbanki býður einstaklingum, heimilum, fyrirtækjum og atvinnufjárfestum heildstæða fjármálaþjónustu. Á grundvelli þjónustuhefðar við grunnatvinnuvegi þjóðarinnar hefur Íslandsbanki þróað sérþekkingu í tveimur atvinnugreinum – sjárvarútvegi og jarðhita.

Í dag eru lán til sjávarútvegsfyrirtækja þriðji stærsti hlutinn af lánasafni bankans. Af því er ljóst að sjávarútvegur er bankanum afar mikilvægur.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur sérfræðinga sem einbeitir sér að sjávarútvegi. Hópurinn er hluti af fyrirtækjasviði og er ábyrgur fyrir samskiptum og þjónustu við innlend og erlend sjávarútvegsfyrirtæki, ásamt útgáfu greininga og skýrslna.

Í áranna rás hafa mörg af stærstu og öflugustu sjávarfyrirtækjum á Íslandi og fjölda annarra landa verið meðal viðskiptavina Íslandsbanka.



Glacier Securities

Íslandsbanki stofnaði nýlega dótturfyrirtæki í Bandaríkjunum undir nafninu Glacier.

Eitt af helstu sérsviðum Glacier er ráðgjöf við kaup og sölu fyrirtækja, aukning á hlutafé og almenn fjármálaráðgjöf. Helsta markaðssvæði Glacier eru Bandaríkin og Kanada, en einnig vinnur fyrirtækið í ráðgjafarverkefnum í Suður Ameríku. Glacier leggur sérstaka áherslu á að vinna með íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum sem hafa áhuga á að hasla sér völl á þessum mörkuðum.

GLACIER
A subsidiary of Íslandsbanki

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Glacier, **www.GlacierSecurities.com**.

Sjávarútvegsupplýsingaveita Íslandsbanka

Sjávarútvegsupplýsingaveita Íslandsbanka er alþjóðleg upplýsingaveita til þess gerð að auðvelda iðnaðinum að fylgjast með hinum ýmsu gögnum um sjávarútveginn. Upplýsingarnar sem um er að ræða eru fáanlegar í ýmsum gagnagrunnum og netsíðum á víð og dreif en í gegnum upplýsingaveituna er hægt að skoða þessi gögn á einum stað á myndrænu formi. Upplýsingaveitan skiptist í fimm hluta: Global, United States, Iceland, Stockwatch og Publications.

Global: Alþjóðleg gögn um sjávarútveginn, þar á meðal magn fiskveiða, fiskeldis og neyslu eftir löndum. Einnig dagleg gögn um verð ýmissa fiskafurða.

United States: Gögn um sjávarútveginn í Bandaríkjunum. Meðal annars magn fiskveiða, fiskeldis og neyslu. Farið yfir helstu tegundir og verð á sjávarafurðum miðað við aðra próteingjafa.

Iceland: Gögn um íslenska sjávarútveginn, þar á meðal hlutfall sjávarútvegs í landsframleiðslu, magn fiskveiða, útflutning, rekstur og hagnað sjávarútvegsfyrirtækja. Einnig er daglegt verð á þorski, ýsu og ufsa á fiskmörkuðum.

Stockwatch: Hlutabréfaverð á helstu sjávarútvegsfyrirtækjum heimsins. Einnig þrjár Íslandsbankahlutabréfavísitölur um sjávarútveginn. Vísitölurnar eru samansettar af 15 stærstu sjávarútvegsfyrirtækjunum í hverri heimsálfu fyrir sig.

Publications: Á upplýsingaveitunni er hægt að nálgast allar greiningar Íslandsbanka um sjávarútveginn.

Sjávarupplýsingaveita Íslandsbanka er opin öllum og aðgengileg á sjávarútvegsvefsíðu bankans **www.islandsbanki.is/fiskur.**



Efnisyfirlit

1 Straumar og stefnur í sjávarútvegi 7

1.1 Neysla sjávarafurða 8
1.2 Framboð af sjávarafurðum 8
1.3 Verðþróun sjávarafurða 8
1.4 Áherslur neytenda og verslunarkeðja

2 Sjávarútvegur á Íslandi 10

3 Rekstur og efnahagur sjávarútvegsfyrirtækja 11

3.1 Rekstrarafkoma 11
3.2 Skuldastaða 11
3.3 Verð og gengisþróun 11

4 Fiskveiðistjórnunarkerfi 13

4.1 Hagsmunaaðilar og félög 13

5 Vægi sjávarútvegs í íslenskum efnahag 15

5.1 Hlutur sjávarútvegs í vergri landsframleiðslu 15
5.2 Störf í sjávarútvegi 15
5.3 Sjávarklasinn 15

6 Útflutningur sjávarafurða 16

6.1 Útflutningur sjávarafurða eftir löndum 16
6.2 Útflutningur sjávarafurða eftir tegundahópum, tegundum og afurðaflokk 18
6.3 Framtíðarútflutningsverðmæti 19

7 Afli og aflaverðmæti 20

8 Fiskeldi 23

8.1 Fiskeldi á Íslandi 23

Helstu niðurstöður

Sjávarútvegur er ein af undirstöðum íslenska hagkerfisins – sérstaklega nú þegar mikilvægi útflutnings hefur aukist. Árið 2010 námu sjávarafurðir 39% af heildarútflutningsverðmæti frá Íslandi en um 25% af heildarvirði útflutnings og þjónustu. Evrópa er mikilvægasta markaðssvæðið en um 80% af útflutningi sjávarafurða í fyrra fóru til Evrópulanda. Bráðabirgðatölur sýna að um 11% af vergri landsframleiðslu árið 2010 komu frá sjávarútvegi. Í greininni starfa beint 8.600 manns eða um 5,2% af heildarvinnuafla þjóðarinnar. Greinin hefur skapað margvísleg afleidd störf og er mikilvæg fyrir fjölmörg þjónustu-, innflutnings- og ráðgjafarfyrirtæki sem byggja afkomu sína á þjónustu við sjávarútveg.

Rekstur sjávarútvegsfyrirtækja hefur að jafnaði gengið vel síðustu ár. Árin 2009 og 2010 eru með þeim allra bestu hvað varðar EBITDA framlegð. Horfur fyrir árið 2011eru góðar. Jákvæðir drifkraftar í rekstrinum nú eru lágt gengi krónu sem fer saman við fremur hátt afurðaverð. Umfangsmiklar og víðtækar hagræðingaraðgerðir síðustu ára eru farnar að skila sér. Þessi árangur hefur náðst þrátt fyrir kvótasamdrátt, hátt olíuverð og auknar álögur á greinina.

Ísland er í sautjánda sæti yfir mestu fiskveiðiþjóðir í heimi með um 2% aflans. Árið 2010 var heildarafli íslenskra skipa 1.063 þúsund tonn sem var 6% lækkun milli ára. Heildaraflaverðmæti ársins 2010 var tæpir 133 milljarðar króna. Sem fyrr var aðaláherslan á veiðar og vinnslu á botnfiski en þorskur var verðmætasta fisktegundin með um 34% af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða. Þar á eftir voru karfi og ýsa með 12% og 13% af útflutningsverðmætinu. Uppsjávartegundir eins og síld, loðna, kolmunni og nú síðast makríll eru einnig mikilvæg uppspretta hráefnis þó að verðmæti þeirra sé minna en botnfiska.

Sterk tilhneiging hefur verið til sameiningar í íslenskum sjávarútvegi síðustu áratugi eftir að aflaheimildir urðu framseljanlegar. Drifkraftur sameininganna hefur verið að auka hagkvæmni í rekstri. Þessi samþjöppun hefur haft í för með sér aukna skuldsetningu innan greinarinnar. Nú eru 50 stærstu útvegsfyrirtækin með um 87% af úthlutuðum kvóta. Þar af eru 10 stærstu fyrirtækin með 53% kvótans. Út frá úthlutuðum kvóta voru eftirfarandi fyrirtæki stærst árið 2010: HB Grandi, Samherji, Ísfélag Vestmannaeyja, Síldarvinnslan og Vinnslustöðin.

Íslenskur sjávarútvegur á í harðri samkeppni á alþjóðlegum mörkuðum fyrir sjávarafurðir þar sem gæði vörunnar, afhendingaröryggi og þjónusta skipta höfuðmáli. Hagsmunir Íslendinga eru miklir og mikilvægast er að fiskistofnarnir í kringum landið skili þjóðarbúinu sem mestum arði með sjálfbærum hætti. Í því ljósi þarf að ná sátt um fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar sem allra fyrst. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra lagði fram tvö frumvörp um breytingar á stjórnkerfi fiskveiða í vor. Frumvörpin gerðu ráð fyrir grundvallarbreytingum á núgildandi lögum um stjórn fiskveiða. Fyrra frumvarpið innihélt aðallega breytingar á veiðigjaldi og strandveiðum og var það samþykkt í júní síðastliðnum. Seinna frumvarpið mun fara aftur fyrir þing í haust en það inniheldur frekari breytingar á fiskveiðikerfinu. Íslandsbanki gaf út álit sitt á frumvörpunum í júní 2011 og er hægt að nálgast álitið á heimasíðu bankans. Í álitinu kemur fram að Íslandsbanki hefur miklar efasemdir um þær breytingar sem frumvarpið felur í sér.

Við núverandi stöðu fer dýrmætur tími og orka til spillis sem betur væru nýtt við að finna leiðir til að hámarka verðmætasköpun úr þeim fiskistofnum sem eru fyrir hendi og efla samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja á erlendum vettvangi.

Lykilatriði

Íslenskur sjávarútvegur

1. Sjávarafurðir eru um 39% af heildarvirði útflutningsvara landsins en um 25% af heildarvirði útflutnings og þjónustu.
2. Samanlagt virði útfluttra sjávarafurða árið 2010 var 220 milljarðar íslenskra króna og telur Íslandsbanki að útflutningsverðmæti muni halda áfram að aukast.
3. Sjávarútvegur var um 11% af vergri landsframleiðslu árið 2010.
4. Evrópa er stærsti markaðurinn fyrir íslenskar sjávarafurðir með um 80% hlutdeild.
5. Þorskur er verðmætasta fisktegundin með um 33% af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða.
6. Frá ársbyrjun 2011 hefur verðvísitala sjávarafurða í íslenskum krónum hækkað um 9,0% en verðvísitala sjávarafurða í SDR um 2,5%.
7. Ísland er sautjánda umsvifamesta fiskveiðiþjóð heims með 2% af heildarafla.
8. Góð EBITDA framlegð var af rekstri sjávarútvegsfyrirtækja árið 2009 og 2010 og horfur fyrir árið 2011 eru góðar.
9. Um 87% af árlegum úthlutuðum kvóta eru á hendi 50 stærstu fyrirtækjanna.
10. Á Íslandi starfa um 8.600 manns beint í sjávarútvegi eða um 5,2% af heildarvinnuafli.
11. Íslandsbanki varar við neikvæðum áhrifum frumvarps sjávarútvegsráðherra um breytingar á stjórn fiskveiða.

1 Straumar og stefnur í sjávarútvegi

1.1 Neysla sjávarafurða

Neysla sjávarafurða á heimsvísu er að meðaltali um 17 kg á mann á ári og hefur fiskneysla aldrei verið meiri.

Sjávarafurðir eru þar með einn aðalpróteingjafinn í fæðu manna. Af heildarpróteinneyslu manna eru sjávarafurðir um 6,2% en ef aðeins er skoðuð dýrapróteinneysla eru sjávarafurðir um 15,7%.

MYND 1

Neysla sjávarafurða á heimsvísu, kg á mann á ári



Heimild: FAO

Neysla fuglakjöts hefur aukist hratt síðustu áratugi og var árleg neysla á mann komin upp í 12,6 kg árið 2007 sem er um 211% hækkun frá árinu 1970. Yfir sama tímabil hefur fiskneysla aukist um 53%, neysla svínakjöts aukist um 58%, neysla nautgripakjöts minnkað um 11% og neysla kindakjöts aukist um 7%.

MYND 2

Kjötneysla, kg á mann á ári



Heimild: FAO

Það sem hefur áhrif á framtíðarneyslu og eftirspurn sjávarafurða eru auknar áherslur á heilbrigt líferni, aukin próteinneysla og fólksfjölgun.

Fólksfjölgun

Árið 2010 var mannfjöldi í heiminum um 6,9 milljarðar. Árið 2030 er talið að mannfjöldinn verði kominn upp í 8,3 milljarða (20% aukning) og árið 2050 í 9,3 milljarða (35% aukning).

Sé aðeins tekið tillit til fólksfjölgunar (og að ársneysla af fiski á mann haldist stöðug í 17 kg á ári) mun árleg eftirspurn eftir fiski til manneldis árið 2020 vera um 130 milljón tonn og 158 milljón tonn árið 2050. Sjá nánar á mynd 5.

Aukin próteinneysla

Talið er að próteinneysla muni aukast í framtíðinni og þá sérstaklega í Austur-Evrópu, Asíu og Suður- og Mið-Ameríku þar sem ráðstöfunartekjur eru að aukast. Með auknum tekjum eykur fólk próteininntöku

MYND 3

Mannfjöldaþróun til ársins 2050 í milljörðum



Heimild: Population Division of the Department of Economic and Social Affairs of the United Nations Secretariat

sína, sem útskýrir að einhverju leyti hraðan vöxt á neyslu kjöts í þróunarríkjum. Sem dæmi má nefna að neysla af kjöti í þróunarríkjum var 9 kg á íbúa árið 1961 en var komin upp í 29 kg árið 2007.

Með auknum tekjum til matarinnkaupa munu neytendur einnig auka kaup sín á meira unnum og tilbúnum mat sem inniheldur stærri skammta af próteinum. Til dæmis er talið að heildarheimsneysla á hveiti muni minnka næstu 10 árin á meðan neysla á sykri, mjólk, fiski og kjöti muni aukast og þá sérstaklega neysla fuglakjöts meðal efnaminni fólks.

MYND 4

Hlutfallslegur vöxtur í neyslu á mann frá meðaltali áranna 2008–10 til ársins 2020



Heimild: OECD and FAO

Talið er að fiskneysla í heiminum muni aukast um 4,8% til ársins 2020, og er það mun minni aukning en hjá öðrum próteingjöfum. Það má meðal annars skýra með því að asískir neytendur hafa verið

MYND 5

Eftirspurn eftir sjávarafurðum til manneldis til ársins 2050



Heimild: OECD and FAO

að auka neyslu annarra próteingjafa á kostnað fisks. Verðhækkanir og takmarkað framboð af fiski hafa einnig áhrif.

Sé gert ráð fyrir áðurgreindri fólksfjölgun og að fiskneysla á mann muni aukast um 4,8% til 2020 og um 2,4% eftir það mun árleg eftirspurn eftir fiski til manneldis vera um 136 milljón tonn árið 2020 og um 178 milljón tonn árið 2050 (sjá mynd 5).

Jákvæð áhrif fiskneyslu á heilsu fólks

Með meiri velmegun eykst áhugi og vitund fyrir betri heilsu og heilsuvernd. Árið 1999 voru lífsstílstengdir kvillar, svo sem ákveðin krabbamein, sykursýki og offita, talin orsök 43% af öllum sjúkdómum og 60% allra dánartilvika. Samkvæmt WHO (World Health Organization) mun sami hópur af kvillum vera orsök 60% sjúkdóma og 73% allra dauðsfalla árið 2020. Heilbrigðisyfirvöld víða um heim eru því byrjuð að hvetja almenning til að borða fisk að minnsta kosti tvisvar sinnum í viku þar sem rannsóknir hafa sýnt að það dregur til dæmis úr líkum á hjartasjúkdómum um helming. Fiskur er mjög próteinrík fæða og inniheldur mörg hollustuefni, til dæmis joð, selen og fiskfitu. Fiskfita er mjög heilsusamleg þar sem hún hefur að geyma omega-3 fitusýrur og D vítamín en lítið af mettaðri fitu.

1.2 Framboð af sjávarafurðum

Búist er við að heimsframleiðsla á fiski árið 2011 verði um 149 milljón tonn og hefur hún aldrei verið hærri. Þetta er aðallega vegna mikils vaxtar í fiskeldi ásamt auknum veiðum úr ýmsum stofnum svo sem Atlantshafsþorski, Alaskaufsa og Atlantshafsmakríl. Fiskikvótar hafa einnig verið auknir og framboð úr villtum stofnum hefur aukist sem sýnir að fiskveiðistjórnun margra landa, þar á meðal Íslands, hefur jákvæð langtímaáhrif á sjálfbærni.



Talið er að á næstu 10 árum muni framboð á fiski í heiminum aukast um 15% og mun þessi aukning aðallega koma úr fiskeldi. Fiskeldi mun vera um 45% af heildarframboði fisks árið 2020 en það var um 38% á árunum 2008–2010. Hlutfall eldisfisks til manneldis árin 2008–2010 var um 47% og er áætlað að það nái 51% árið 2015 og 54% árið 2020. Árið 2015 er því áætlað að hlutfall eldisfisks til manneldis verði orðið hærra en hlutfall fiskveiða til manneldis.

Fiskveiðar hafa náð um 90 milljónum tonna og er ekki talið líklegt að það muni aukast mikið í framtíðinni þar sem talið er að fiskistofnar þoli ekki miklu meiri veiði.

1.3 Verðþróun sjávarafurða

Fiskiðnaðurinn hefur náð sér á strik undanfarin tvö ár eftir erfitt ár 2009 sem einkenndist af verðlækkunum. Samhliða verðhækkunum hefur eftirspurn aukist og þá sérstaklega í þróunarríkjum.

Fiskverðsvísitala FAO (Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna) sýnir að alþjóðlegt fiskverð hefur aldrei verið hærra og þá sérstaklega fyrir eldisfisk.



Ef fiskverð er skoðað í samhengi við annað kjöt sést að kjötverð í heiminum hefur farið hækkandi síðasta áratuginn og er spáð áframhaldandi hækkun skv. FAO. Talið er að verð á veiddum fiski hækki talsvert árið 2011 en haldist nokkuð stöðugt eftir það til ársins 2020. Hins vegar er gert ráð fyrir að verð á eldisfiski, fiskimjöli og fiskolíu muni að öllum líkindum hækka meira en verð á veiddum fiski til ársins 2020 eins og sjá má á eftirfarandi myndum. Samkvæmt spám mun því meðalverð á veiddum fiski vera um 20% hærra árið 2020 en 50% hærra fyrir eldisfisk.





1.4 Áherslur neytenda og verslunarkeðja

Áhrif matvælaframleiðslu á umhverfið

Í framtíðinni er líklegt að horft verði í ríkari mæli til umhverfisáhrifa af framleiðslu tiltekins varnings. Slík áhrif er t.d. hægt að mæla í útblæstri af koltvísýringi (CO_2). Sjávarfang kemur mjög vel út í slíkum

MYND 10

Kg af CO_2 sem þarf til að framleiða 1 kg af kjöti



Heimild: Department for Environment, Food and Rural affairs og North Sea Foundation

samanburði eins og sjá má á mynd 10. Þar sést að fiskveiðar nota aðeins 1,7 kg af CO_2 við að framleiða 1 kg af fiski en samsvarandi tala fyrir nautakjöt er 34,6 kg. Fiskeldi kemur einnig vel út, til dæmis eru notuð 2,5 kg af CO_2 við framleiðslu á 1 kg af laxi.

Aukin krafa um rekjanleika og öryggi matar

Krafa um sjálfbærni í sjávarútvegi og rekjanleika er sífellt að aukast á meðal neytenda og verslunarkeðja. Vitund um umhverfismál hefur aukist og kröfur markaðarins eru í þá átt að hægt sé að sýna fram á að sjávarafurðir séu framleiddar án þess að gengið sé um of á auðlindir og leitað sé leiða til að lágmarka mengun. Sökum þessara auknu krafna var ákveðið að búa til íslenskt upprunamerki „Responsible Fisheries" en það auðkennir íslenskar sjávarafurðir sem unnar eru úr afla í íslenskri lögsögu. „Responsible Fisheries" veitir einnig vottun um ábyrgar fiskveiðar Íslendinga sem gefur framleiðendum og seljendum íslenskra sjávarafurða tækifæri til að uppfylla kröfur markaðarins. Veiðar Íslendinga á þorski í íslenskri fiskveiðilögsögu hlutu vottun í desember 2010.

2 Sjávarútvegur á Íslandi

Sjávarútvegur hefur verið Íslendingum mikilvægur í gegnum aldirnar bæði sem mikilvæg uppspretta matar fyrir þjóðina og stór hluti af útflutningstekjum landsins.

Vélvæðing í íslenskum sjávarútvegi hófst í byrjun nítjándu aldar. Fyrsti togarinn í eigu Íslendinga kom til landsins árið 1904. Fiskveiðigeirinn þróaðist síðan hratt og voru 29 togarar gerðir út frá íslenskum höfnum árið 1927. Frá 1905 til 1917 meira en tvöfaldaðist veiði á botnfiski, úr 40 þúsund tonnum í 100 þúsund tonn.

Í kringum 1970 voru fyrstu skuttogararnir teknir í notkun og árið 1983 voru um 103 togarar gerðir út frá íslenskum höfnum. Kvótakerfi var komið á árið 1984 þegar ofveiði á Íslandsmiðum var orðin vandamál. Árið 1994 tóku í gildi lög sem leyfðu fullt framsal kvóta milli félaga. Eftir að kvótakerfið kom á hefur hagnaður íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja fyrir skatta, afskriftir og fjámagnsliði hækkað verulega og var EBITDA framlegð sjávarútvegsfyrirtækja komin í 31% árið 2009.

Íslandsbanki og forverar hans hafa tengst sjávarútvegi nánum böndum síðan bankinn var stofnaður árið 1904. Tilgangur bankans var að styðja við vélvæðingu fiskveiðiflotans og þróun nútímatækni við veiðar. Íslandsbanki fjármagnaði til dæmis kaupin á fyrstu tveimur vélknúnu togurunum, Jóni forseta og Coot, sem voru fengnir til landsins árin 1904 og 1907.

Íslensku togararnir Jón forseti og Coot

Heimild: Ljósmyndasafn Reykjavíkur

MYND 12

Neysla sjávarútvegsafurða í helstu útflutningslönd Íslands árið 2007 og meðaltal heimsálfa (kg/mann)



Heimild: FAO

Samkvæmt nýjustu gögnum frá FAO var Ísland sautjánda umsvifamesta fiskveiðiþjóð heims árið 2009. Ísland hefur fallið um sex sæti frá árinu 2000 en þá var landið ellefta umsvifamesta fiskveiðiþjóðin. Heildarafli á heimsvísu var 65,2 milljónir tonna árið 2009. Ísland veiddi um 2% af heildarafla eða 1,1 milljón tonn. Tuttugu umsvifamestu fiskveiðiþjóðir heims veiddu 78% af heildarafla ársins 2009.

Sjávarfang er mikilvægur hluti af fæðu Íslendinga og er neysla sjávarafurða á Íslandi um 87 kg á íbúa á ári (óslægður fiskur) samkvæmt tölum frá FAO. Það er meira en fjórföld meðalneysla í Evrópu sem er um 21 kg á íbúa á ári.

MYND 11

Afli 20 stærstu fiskveiðiþjóða heims árið 2009 í milljónum tonna



Heimild: FAO

3 Rekstur og efnahagur sjávarútvegsfyrirtækja

3.1 Rekstrarafkoma

TAFLA 1

Rekstraryfirlit fiskveiða og fiskvinnslu, 1997–2009

Fiskveiðar (ISK ma)	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Tekjur alls	60	63	64	63	76	83	70	71	75	82	85	103	118
EBITDA	10	12	12	12	19	19	15	12	15	20	18	26	31
Afskriftir	-8	-10	-10	-9	-9	-12	-12	-12	-9	-8	-7	-8	7
Verðbreytingafærsla og vextir	-3	-3	-2	-8	-11	5	0	2	3	-22	1	-127	-13
Hreinn hagnaður (EBT)	-1	1	0	-5	-2	13	2	3	9	-10	13	-109	11

Fiskvinnsla (ISK ma)	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Tekjur alls	74	78	74	69	93	98	86	93	80	90	94	128	156
EBITDA	6	8	5	6	18	8	8	7	6	12	6	22	33
Afskriftir	-4	-4	-5	-5	-3	-3	-2	-3	-2	-2	-3	-4	5
Verðbreytingafærsla og vextir	-2	-2	-1	-4	-7	6	1	2	0	-12	2	-66	-9
Hreinn hagnaður (EBT)	1	3	-1	-3	8	10	6	5	4	-2	6	-48	18

Niðurstöður úr rekstri sjávarútvegsfyrirtækja fyrir tímabilið 1997-2009 sýna að tekjur og EBITDA framlegð hefur aukist verulega síðasta áratuginn. Gögn fyrir árið 2010 gefa til kynna sterka rekstrarafkomu og horfur fyrir árið 2011 eru ágætar. Þessar niðurstöður er góðar þegar litið er til kvótaskerðingar og hækkunar á olíuverði. Hagnaður fyrir skatta (EBT), þegar búið er að taka tillit til afskrifta og fjármagnsliða, er yfirleitt jákvæður yfir tímabilið. Síðasta áratuginn hefur hagnaðurinn ekki verið mikill og auk þess viðkvæmur fyrir gengisbreytingum.

3.2 Skuldastaða

Hlutfallið nettó skuldir á móti EBITDA hefur hækkað síðasta áratuginn í sjávarútvegi. Árið 2001 var hlutfallið 3,6, náði svo hámarki í 10,0 árið 2007 en hefur lækkað síðan og stóð í 7,0 árið 2009.

Lækkunin á hlutfallinu árið 2009 stafar af meiri hagnaði fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) þar sem nettó skuldir sjávarútvegsins breyttust lítið milli áranna 2008 og 2009.

MYND 13

Hlutfallið nettó skuldir/EBITDA fyrir sjávarútveginn



Heimild: Hagstofa Íslands

3.3 Verð og gengisþróun

Verð á sjávarafurðum hefur farið hækkandi undanfarin tvö ár eftir dágóða lækkun í byrjun árs 2009. Frá ársbyrjun 2011 hefur verðvísitala sjávarafurða í íslenskum krónum hækkað um 9,0% en verðvísitala sjávarafurða í SDR um 2,5% (körfuvísitala Alþjóða gjaldeyrissjóðsins sem byggð er á evru, jeni, sterlingspundi og Bandaríkjadal).

Verð á sjávarafurðum á erlendum mörkuðum hefur verið hátt að undanförnu (sjá kafla 1.3) og auk þess hefur raungengi íslensku krónunnar verið frekar lágt þannig að verð á sjávarafurðum mælt í íslenskum krónum hefur hækkað umtalsvert. Veik staða krónunnar hefur þar með haft nokkuð jákvæð áhrif á sjávarútveginn og aðrar útflutningsgreinar þar sem veik króna bætir samkeppnisstöðu útflutningsfyrirtækja. Vöxtur á útflutningsverðmæti sjávarafurða hefur aukist mikið síðustu tvö árin (sjá kafla 5) og má rekja þennan vöxt að einhverjum hluta til sterkrar samkeppnisstöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja á grundvelli veikrar myntar.

Ef litið er til einstakra tegunda sjávarafurða má nefna að verð á fiskimjöli hefur verið í sögulegu hámarki síðustu tvö árin. Talið er að

MYND 14

Verðvísitala sjávarafurða (2005=100)



Heimild: Hagstofa Íslands

MYND 15

Verðvísitala sjávarafurða, undirvísitölur (2005=100)



Heimild: Hagstofa Íslands

heimsmarkaðsverð á mjöli haldi áfram að hækka sökum aukinnar eftirspurnar. Fiskimjöl er meðal annars mikið notað í fiskeldi og þar sem talið er að fiskeldi muni vaxa hratt í heiminum í framtíðinni má búast við aukinni eftirspurn.

Helstu botnfisktegundirnar hafa einnig verið að hækka síðustu tvö árin. Frá ársbyrjun hefur verð á þorski verið nokkuð stöðugt en aðrar botnfisktegundir hækkað nokkuð.

Verðlagsstofa skiptaverðs tekur saman vegið meðalverð fyrir ýmsar fisktegundir, þar á meðal þorsk, ýsu og ufsa. Verð og magn eru miðuð við landaðan afla og einungis tölur um bein kaup innlendra fiskverkenda og sölu á innlendum fiskmörkuðum eru notuð. Fundið er svo vegið meðaltal á þessu tvennu. Meðalverð fyrir árið 2011 er 288,92 kr/kg fyrir þorsk, 258,92 kr/kg fyrir ýsu og 175,26 kr/kg fyrir ufsa.

Í þjóðhagsspá sinni gerir Hagstofan ráð fyrir að verð á sjávarafurðum muni hækka um 8,5% árið 2011, 4,0% árið 2012 og 2,2% árið 2013.

MYND 16

Vegið meðalverð (selt beint til fiskverkenda og selt á innlendum mörkuðum)



Heimild: Verðlagsstofa skiptaverðs

4 Fiskveiðistjórnunarkerfi

Sjávarútvegurinn er mjög mikilvægur í efnhagslífi þjóðarinnar þar sem hann leggur til um 39% af heildarvöruútflutningsverðmæti Íslands og leggur beint til um 11% vergrar landsframleiðslu ár hvert. Framlagið er þó í reynd mun meira því greinin hefur margföldunaráhrif á aðrar atvinnugreinar í hagkerfinu og skapar afleidd störf og tekjur fyrir fjölmörg framleiðslu- og þjónustufyrirtæki. Því er nauðsynlegt að þau verðmæti sem fiskistofnar við landið gefa af sér séu hámörkuð með sjálfbærum hætti. Þannig er hægt að auka lífsgæði og hag þjóðarinnar til framtíðar.

Rekstrarárangur sjávarútvegsins, mældur út frá EBITDA framlegð (afkoma fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir) hefur aukist jafnt og þétt frá upptöku núgildandi stjórnkerfis fiskveiða. Það má glöggt sjá á eftirfarandi mynd. Þessi þróun EBITDA-framlegðar er ekki síst merkileg í ljósi þess að veiði á þorski, verðmætustu fisktegundinni, dróst mikið saman á tímabilinu. Á sama tíma býr sjávarútvegur í mörgum samkeppnislöndum Íslands við umtalsverða ríkisstyrki.

TAFLA 2

Leyfður heildarafli stærstu 50 félaga 2011

Útgerð	Þorskígildi (þúsund tonn)	Hlutdeild
HB Grandi hf	45.150	11,9%
Samherji hf	27.685	7,3%
Ísfélag Vestmannaeyja hf	22.741	6,0%
Síldarvinnslan	19.708	5,2%
Vinnslustöðin	17.992	4,7%
Þorbjörn hf	16.101	4,2%
Skinney-Þinganes hf	14.551	3,8%
FISK-Seafood hf	13.727	3,6%
Rammi hf	12.400	3,3%
Vísir hf	12.092	3,2%
Top 10	**202.147**	**53,0%**
Top 20	**276.154**	**72,5%**
Top 30	**303.471**	**79,6%**
Top 50	**329.764**	**86,6%**

*Úthlutun 2011/2012 ásamt úthlutun uppsjávartegunda fyrir árið 2011

Heimild: Fiskistofa og Íslandsbanki

MYND 17

Hagnaður íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) 1981–2009



Heimild: Hagstofa Íslands og Þjóðhagsstofnun

Eins og sjá má á ofangreindri mynd var kvótakerfið innleitt árið 1984. Kvótakerfinu var komið á til að vernda íslenska fiskistofna fyrir ofveiði. Kvótakerfinu var svo breytt talsvert árið 1990 þegar framsal kvóta var leyft. Síðan kvótakerfið var innleitt hefur EBITDA framlegð sjávarútvegsfyrirtækja hækkað talsvert og var komin í 31% árið 2009.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra lagði fram tvö frumvörp um breytingar á stjórnkerfi fiskveiða í vor. Frumvörpin gerðu ráð fyrir grundvallarbreytingum á núgildandi lögum um stjórn fiskveiða. Fyrra frumvarpið innihélt aðallega breytingar á veiðigjaldi og strandveiðum og var það samþykkt í júní síðastliðnum. Seinna frumvarpið mun fara aftur fyrir þing í haust en það inniheldur frekari breytingar á fiskveiðikerfinu.

Íslandsbanki gaf út álit sitt á frumvörpunum í júní 2011 og er hægt að nálgast álitið á heimasíðu bankans. Í álitinu kemur fram að Íslandsbanki hefur miklar efasemdir um þær breytingar sem frumvarpið felur í sér.

4.1 Hagsmunaaðilar og félög

Sterk tilhneiging hefur verið til sameiningar í íslenskum sjávarútvegi síðustu tvo áratugi eftir að aflaheimildir urðu framseljanlegur. Drifkraftur þessa er að auka hagkvæmni í rekstri. Stærstu 50 útvegsfyrirtækin eru sem stendur með um 87% af úthlutuðum kvóta. Árið 2010 voru eftirfarandi fimm félög stærst, reiknað út frá úthlutuðum kvóta: HB Grandi, Samherji, Ísfélag Vestmannaeyja, Síldarvinnslan og

MYND 18

Hlutdeild stærstu 10 kvótahafa í leyfðum heildarafla 1992–2010



Heimild: Íslandsbanki og Fiskistofa

Vinnslustöðin. Stærstu 10 fyrirtækin eru með 53% kvótans og stærstu 20 fyrirtækin um 73%.

Þessi samþjöppun hefur haft í för með sér aukna skuldsetningu innan greinarinnar en á sama tíma stuðlað mjög að aukinni arðsemi félaga. Þá eru stærri félög sem hafa aflaheimildir í fleiri tegundum betur í stakk búin að takast á við rekstrarsveiflur.

Íslenski fiskiskipaflotinn hefur dregist saman á undanförnum áratug, bæði hvað varðar fjölda skipa og brúttótonn. Skipum hefur fækkað um 18% eða úr 1.976 árið 1999 í 1.625 árið 2010. Þar af hefur togurum fækkað úr 91 í 57. Árið 2010 var fjöldi vélskipa 761 og fækkaði þeim um 7 skip á milli ára.

Í fyrsta sinn í áratug fjölgaði fiskiskipum milli ára um 43 skip og voru það allt opnir fiskibátar.

MYND 19

Fiskiskipastóllinn, fjöldi og brúttótonn



Heimild: Hagstofa Íslands

5 Vægi sjávarútvegs í íslenskum efnahag

5.1 Hlutur sjávarútvegs í vergri landsframleiðslu

Sjávarútvegur hefur í aldanna rás gegnt mikilvægu hlutverki í íslensku efnahagslífi. Þótt hlutur sjávaraútvegs í heildarlandsframleiðslunni hafi minnkað nokkuð á síðari hluta tuttugustu aldar er hann þó enn mikilvægur atvinnuvegur á Íslandi með um 11% beint framlag til landsframleiðslunnar og 40% vöruútflutningsverðmætis árið 2010. Í sögulegu samhengi er 11% hlutdeild veiða (5,3%) og vinnslu (5,4% áætlun) í landsframleiðslunni töluvert yfir meðaltali ef horft er til síðustu 10 eða 15 ára.

MYND 20

Hlutur atvinnugreina í landsframleiðslu árið 2010



Heimild: Hagstofa Íslands

MYND 21

Fiskveiðar og fiskvinnsla sem prósentu-hlutfall vergrar landsframleiðslu



Heimild: Hagstofa Íslands

TAFLA 3

Störf við fiskveiðar og fiskvinnslu 2010

Störf við fiskveiðar og fiskvinnslu 2010	Fjöldi	Hlutfall
Alls	8.600	5,2%
Höfuðborgarsvæðið	1.500	1,4%
Landsbyggðin	7.100	11,9%

5.2 Störf í sjávarútvegi

Í dag starfa um 8.600 manns á Íslandi með beinum hætti við sjávarútveg, 5.000 við fiskveiðar og 3.600 við fiskvinnslu. Samtals er það um 5,2% af heildarvinnuafli landsins. Frá árinu 1991 til 2010 fækkaði störfum við fiskveiðar um 1.200 en í vinnslum um 4.400.

Sjávarútvegur gegnir sérlega veigamiklu hlutverki á landsbyggðinni þar sem um 11,9% starfa eru í sjávarútvegi samanborið við aðeins 1,4% á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi starfa í öðrum greinum er tengdur sjávarútvegi m.a. ýmiss konar iðnaður og þjónustugreinar við sjávarútveg.

5.3 Sjávarklasinn

Sjávarklasinn er samstarfsverkefni fjölda fyrirtækja í haftengdri starfsemi og er markmiðið að bæta samstarf, auka verðmæti og efla skilning á mikilvægi þeirrar starfsemi sem fellur undir klasann. Það felst meðal annars í því að kortleggja alla starfsemi sem snýr að hafinu, allt frá fiskveiðum, fiskvinnslu, rannsóknum og nýsköpun, til líftækni og hátækniframleiðslu, flutningastarfsemi, fjármálastarfsemi og viðgerðar- og viðhaldsþjónustu. Samkvæmt þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið má rekja rúmlega 23,5% landsframleiðslunnar til umsvifa íslensks sjávarútvegs, 11,0% beint framlag og um 12,5% óbeint framlag.

Íslandsbanki er aðalstyrktaraðili verkefnisins en verkefnið er vistað hjá Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands.

MYND 22

Starfandi einstaklingar í sjávarútvegi, 1992–2010



Heimild: OECD and FAO

6 Útflutningur sjávarafurða

Sjávarútvegurinn lagði til um 39,3% alls vöruútflutnings árið 2010. Ef hins vegar er skoðaður bæði þjónustu- og vöruútflutningur eru sjávarafurðir um 25% af heildarútflutningsverðmæti. Útflutningsverðmæti sjávarafurða var um 220 milljarðar króna á síðasta ári eða aukning um 5,7% frá árinu 2009. Magn dróst hins vegar saman um 5,5% á þessu tímabili. Ástæður þess eru sterk samkeppnisstaða á grundvelli veikrar myntar, aukin eftirspurn og verðhækkanir á fiskmörkuðum heimsins.

MYND 23

Útflutningsverðmæti á verðlagi hvers árs í milljörðum króna



Heimild: Hagstofa Íslands

Aðeins áliðnaðurinn var með hærri útflutningsverðmæti en sjávarútvegurinn árið 2010 eða um 222,4 milljarða króna. Þar á eftir voru samgöngur og flutningur (145 milljarðar) og ferðaþjónustan (68 milljarðar) árið 2010.

MYND 24

Vöru- og þjónustuútflutningur, 2006–2010



Heimild: Hagstofa Íslands

Hlutfall sjávarafurða af heildarútflutningi hefur lækkað undanfarin ár en það er aðallega vegna aukins álútflutnings frekar en samdráttar í útflutningsverðmæti sjávarafurða sem hefur heldur aukist.

MYND 25

Útflutningsverðmæti sjávarafurða í milljörðum króna



Heimild: Hagstofa Íslands

Ef horft er á útflutningsverðmæti á föstu verðlagi árið 2010 má sjá að útflutningsverðmætin árin 2009 og 2010 eru lægri en útflutningsverðmæti síðustu ára.

MYND 26

Útflutningur sjávarafurða eftir tegundum árið 2010



Heimild: Hagstofa Íslands

6.1 Útflutningur sjávarafurða eftir löndum

Íslenskar sjávarafurðir eru aðallega fluttar út til Bretlands (21%) en þar á eftir koma Spánn (9%) og Noregur (7%). Tíu efstu þjóðir á lista yfir kaupendur íslenskra sjávarafurða eru samanlagt með um 74%

MYND 27

Útflutningur sjávarafurða eftir löndum árið 2010



Heimild: Hagstofa Íslands

MYND 28

Útflutningsverðmæti sjávarafurða eftir heimsálfum árið 2010



Heimild: Hagstofa Íslands

TAFLA 4

Útflutningsverðmæti eftir tegundum og löndum fyrir sjö verðmætustu tegundirnar árið 2010

Þorskur	Millj. kr.	% af heild
Bretland	19.422	26,8%
Spánn	14.609	20,2%
Frakkland	7.755	10,7%
Holland	6.746	9,3%

Ufsi	Millj. kr.	% af heild
Þýskaland	2.744	18,8%
Holland	1.610	11,0%
Spánn	1.318	9,0%
Nígería	1.162	8,0%

Ýsa	Millj. kr.	% af heild
Bretland	10.618	55,4%
Bandaríkin	4.888	25,5%
Nígería	1.486	7,8%
Belgía	680	3,6%

Grálúða	Millj. kr.	% af heild
Japan	4.217	58,2%
Taívan	1.336	18,4%
Kína	701	9,7%
Hong Kong	262	3,6%

Síld		
Noregur	7.012	33,8%
Pólland	4.090	19,7%
Litháen	2.917	14,1%
Rússland	2.245	10,8%

Rækja		
Bretland	7.956	70,6%
Danmörk	1.788	15,9%
Ítalía	310	2,7%
Spánn	219	1,9%

Karfi		
Japan	4.197	25,4%
Þýskaland	3.575	21,6%
Kína	1.219	7,4%
Holland	1.113	6,7%

TAFLA 5

Útflutningsverðmæti annarra valdra tegunda árið 2010

Gulllax	Millj. kr.	% af heild
Litháen	1.137	65,3%

Makríll	Millj. kr.	% af heild
Rússland	5.610	66,2%

Kolmunni	Millj. kr.	% af heild
Noregur	1.396	38,3%

Skötuselur	Millj. kr.	% af heild
Bretland	1.097	67,0%

Humar		
Spánn	2.127	60,9%

Loðna		
Noregur	2.947	23,7%

Steinbítur		
Frakkland	1,380	27,9%
Þýskaland	1.116	22,6%

Heimild: Hagstofa Íslands

alls útflutningsverðmætis og fimm efstu þjóðirnar með 50% eins og sjá má á mynd 27. Meira en tveir þriðju hlutar af öllum útfluttum sjávarafurðum frá Íslandi fara til landa innan Evrópusambandsins. Heildarútflutningur til Evrópulanda (bæði innan og utan ESB) er um 80% af öllum útflutningi sjávarafurða frá Íslandi.

Til Bretlands er mest flutt af frystum eða kældum þorski og ýsu ásamt frystri rækju. Til Spánar fer mikið af saltfiski og frystum þorski ásamt frystum humri. Til Hollands er flutt mikið af saltfiski og frystum þorski ásamt frystum ufsa og loðnuhrognum. Til Noregs er aðallega flutt fiskmjöl og lýsi úr síld, loðnu og kolmunna. Til Frakklands er aðallega fluttur ferskur þorskur en til Japans fryst loðnuhrogn, sjófrystur karfi og grálúða.

Tafla 4 sýnir útflutningsverðmæti eftir sjö verðmætustu tegundunum og hver helstu útflutningslönd þeirra eru. Þar má meðal annars sjá að um 27% af útflutningsverðmæti þorsks, 55% af ýsu og 71% rækju fóru til Bretlands árið 2010. Til Noregs var flutt um 34% af úfltuningsverðmæti síldar og um 24% loðnunnar. Það er einnig áhugavert að sjá að til Japans fer um 25% karfans og 58% grálúðunnar.

Í töflu 5 má sjá útflutningsverðmæti nokkurra annarra valinna tegunda og er þar áhugavert að sjá að um 66% útflutningsverðmætis makríls var flutt út til Rússlands og 65% útflutningsverðmætis gulllax til Litháen.

MYND 29

Útflutningsverðmæti sjávarafurða eftir tegunda hópum, fast verðlag árið 2010 í milljónum króna



Heimild: Hagstofa Íslands

6.2 Útflutningur sjávarafurða eftir tegundahópum, tegundum og afurðaflokkum

Þorskur var verðmætasta útflutningstegundin árið 2010 með 72 milljarða króna en þar á eftir kom síld með 21 milljarða króna og ýsa með 19 milljarða.

Um 64% af heildarútflutningstekjum allra fisktegunda voru af botnfisktegundum sem eru mun verðmætari en uppsjávartegundir sem voru um 21% af útflutningstekjum.

Meira en helmingur útflutningstekna af botnfisktegundum var af þorski en næst á eftir komu ýsa og karfi.

Nær helmingur útflutningstekna af uppsjávarfiski var af síld en þar á eftir kom loðna og makrill. Loðnan jókst talsvert frá árinu 2009 enda lítið veitt af henni þá. Makrill kom líka sterkur inn árið 2010 og var um 19% af útflutningsverðmæti uppsjávartegunda og er líklegt að það hlutfall fari hækkandi.

Af einstökum afurðaflokkum skilaði frysting rúmlega helmingi alls útflutningsverðmætis eða um 121 milljörðum króna sem er um 20 milljarða króna aukning frá árinu 2009. Þar á eftir voru ferskar (ísaðar) fiskafurðir, um 40 milljarðar króna, en þær drógust saman um tæpa 4 milljarða frá 2009. Þar næst voru saltaðar afurðir og mjöl/lýsi. Saltaðar afurðir voru 28 milljarðar króna en mjöl og lýsi um 23 milljarðar króna.

MYND 30

Útflutningur botnfisktegunda árið 2010



MYND 31

Útflutningsverðmæti botnfisktegund, á föstu verðlagi árið 2010 í milljónum króna



MYND 32

Útflutningsverðmæti uppsjávartegunda árið 2010



MYND 33

Útflutningsverðmæti uppsjávartegunda, á föstu verðlagi árið 2010 í milljónum króna



Heimild: Hagstofa Íslands

MYND 34

Útflutningsverðmæti sjávarafurða eftir afurðaflokkum árið 2010



Heimild: Hagstofa Íslands

TAFLA 6

Útflutningsverðmæti sjávarafurða eftir vinnslugreinum árið 2010 í milljónum króna

Frystur	**120.884**
Sjófrystur heill fiskur	19.589
Sjófryst. blokkfryst flök	1.815
Sjófryst flök ót.a.	17.858
Annað sjófryst sjávarfang	228
Heilfrystur fiskur ót.a.	14.959
Landfryst. blokkfryst flök	2.505
Landfryst flök ót.a.	17.872
Fiskmarningur. frystur	1.125
Fryst hrogn	7.398
Annað fryst sjávarfang	37.534
Ferskur	**40.159**
Nýr. kældur eða ísvarinn heill fiskur	11.246
Ný. kæld eða ísvarin fiskflök	13.997
Annað ferskt. kælt sjávarfang	14.916
Saltað	**27.818**
Þurrkaður saltfiskur	3.368
Blautverkaður saltfiskur	14.497
Saltfiskflök. bitar o.fl.	7.113
Söltuð hrogn	2.840
Mjöl/lýsi	**23.039**
Fiskmjöl	14.114
Lýsi	8.925
Hert	**6.748**
Skreið	483
Þurrkaðir hausar	5.967
Annar hertur. þurrkaður. saltaður fiskur	298
Annað	**1.839**
Afurðir fiskvinnslu ót.a.	1.839
Samtals	**220.488**

Heimild: Hagstofa Íslands

6.3 Framtíðarútflutningsverðmæti

Með auknum aflaheimildum og þá aðallega í þorski, verðhækkunum á alþjóðamarkaði og að því gefnu að krónan haldist nokkuð stöðug telur Íslandsbanki að útflutningsverðmæti sjávarafurða muni hækka í 236 milljarða árið 2011. Árið 2012 mun útflutningsverðmætið ná 240 milljörðum sem nemur um 9% aukningu. Mun það hafa jákvæð áhrif á þjóðarbúið.

Stórir áhættuþættir eru þó neikvæð áhrif mögulegrar skuldakreppu í Evrópu og Bandaríkjunum auk frumvarps sjávarútvegsráðherra um breytingar á stjórnkerfi fiskveiða sem Íslandsbanki telur að dragi úr hagkvæmni greinarinnar eins og farið var yfir í kafla 4.

MYND 35

Útflutningsverðmæti sjávarafurða í milljörðum króna



Heimild: Hagstofa Íslands og Íslandsbanki

7 Afli og aflaverðmæti

MYND 36

Afli íslenskra skipa af öllum miðum, 1945–2010, í milljónum tonna



Heimild: Hagstofa Íslands

Hafið umhverfis Ísland er líklega gjöfulustu mið í Norður-Atlantshafi. Í íslenskum sjávarútvegi hefur áherslan helst verið á fiskveiðar og vinnslu á botnfiski, aðallega þorski en einnig á ýsu, ufsa og karfa. Uppsjávartegundir eins og síld, loðna, kolmunni og nú síðast makríll eru einnig mikilvæg uppspretta hráefnis þótt verðmæti þeirra sé minna en botnfiska.

Heildarafli hefur aukist úr 366 þúsund tonnum árið 1945 í 1.063 þúsund tonn árið 2010. Heildarafli náði hámarki í 2.199 þúsund tonnum árið 1997 og hefur því dregist saman um helming síðan þá.

Aflaverðmæti ársins 2010 voru tæpir 133 milljarðar króna sem er um 15,2% hækkun frá 2009. Árið 2010 var þorskur verðmætasta tegundin á Íslandsmiðum og var 34% af heildaraflaverðmæti. Karfi var næstverðmætasta tegundin og jókst aflaverðmæti hans um 20% frá síðasta ári. Þar á eftir voru ýsa og síld eins og sjá má á mynd 37.

MYND 37

Aflaverðmæti eftir tegundum árið 2010



Heimild: Hagstofa Íslands

Hér að neðan er farið yfir þróun afla og stofns helstu fisktegunda við Ísland.

MYND 38

Þorskafli 1955–2010, í þúsundum tonna



Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands

MYND 39

Viðmiðunar- og hrygningarstofn þorsks, 1955–2011, í þúsundum tonna



Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands

MYND 40

Ýsuafli 1950–2010, í þúsundum tonna



Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands

MYND 41

Stofn og hrygningarstofn ýsu, 1979–2011, í þúsundum tonna



Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands

MYND 42

Ufsaafli 1955–2010, í þúsundum tonna



Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands

MYND 43

Stofn og hrygningarstofn ufsa, 1980–2011, í þúsundum tonna



Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands

MYND 44

Afli íslensku sumargotssíldarinnar, 1990–2010, í þúsundum tonna



Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands

MYND 45

Afli norsk íslensku síldarinnar, 1990–2010, í þúsundum tonna



Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands

MYND 46

Karfaafli 1978–2010 í þúsundum tonna



Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands

MYND 47

Loðnuafli 1984–2010 í þúsundum tonna



Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands

MYND 48

Makrílafli 1972–2010 í þúsundum tonna



Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands

MYND 49

Hrygningarstofn makríls, 1972–2010, í milljónum tonna



Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands

8 Fiskeldi

Fiskeldi hefur vaxið hratt í heiminum þar sem auðlindir hafsins eru takmarkaðar og auknar kröfur eru gerðar um sjálfbærni fiskveiða. Frá 2001 til 2010 jókst fiskeldi í heiminum að meðaltali um 5,6% á ári samkvæmt FAO. Þó er vöxturinn heldur að hægjast núna og spáð er að hann verði að meðaltali um 2,8% til ársins 2020.

Í dag er eldisfiskur um 37% af heildarframboði fisks og er talið að hlutdeild eldisfisk verði komin í 45% árið 2020.

Ef einungis er skoðaður fiskur til manneldis er eldisfiskur um 46% og er talið að hann verði orðinn meiri en veiddur fiskur til manneldis árið 2015 og 54% árið 2020.

MYND 50

Hlutur fiskeldis af heildarfiskframleiðslu í heiminum til manneldis



Heimild: OECD og FAO

Samkvæmt FAO er talið að heildarverðmæti eldisfisks sé nú orðið meira en fisks sem veiddur er í sjó. Talið er að verðmæti eldisfisk hafi á árinu 2008 numið 98,4 milljörðum dollara en verðmæti fisks sem aflað var með hefðbundnum hætti numið 93,9 milljörðum dollara.

Um 88% af framleiddum eldisfiski er í Asíu og er Kína langstærsti framleiðandinn með um 60% af heimsframleiðslu. Þar á eftir koma Indland, Víetnam, Indónesía og Taíland. FAO telur að vöxtur í fiskeldi muni verða mestur í Suður- og Mið-Ameríku, einkum Brasilíu.

Helstu fisktegundir sem eru ræktaðir í fiskeldi í heiminum eru vatnakarfi, steinbítur, lax og hekluborri (e.tilapia). Helstu skelfisktegundir eru rækjur og ýmis lindýr eins og ostrur, kræklingur og hörpuskel

8.1 Fiskeldi á Íslandi

Fiskeldi á Íslandi má rekja aftur til síðari hluta nítjándu aldar þegar fyrst var reynt að frjóvga og klekja út laxahrognum og sleppa kviðpokaseiðunum í ár. Um miðja tuttugustu öldina hófst matfiskeldi með regnbogasilung að Laxalóni í Reykjavík. Áhugi fyrir fiskeldi jókst á síðari hluta níunda áratugar og fór framleiðslan, aðallega lax en þó eitthvað af regnbogasilungi, úr 150 tonnum árið 1985 upp í 3.000 tonn árið 1990. Framleiðslan hélst svo nokkuð stöðug fram yfir aldamót en fór svo að aukast allnokkuð fyrir tilstuðlan stóru sjávarútvegsfyrirtækjanna. Árið 2006 náði framleiðslan hámarki eða um 10.000 tonnum, þar af komu tæplega 7.000 tonn úr laxeldi. Til að setja stærð fiskelda á Íslandi í samhengi þá var heildarafli landsins árið 2006 um 1,1 milljón tonna. Mikill samdráttur varð í laxeldi eftir 2006 þegar tvær af stærstu laxeldisstöðvum landsins hættu starfsemi og árið 2007 var framleiðslan úr laxeldi rétt rúm 1.000 tonn. Í dag er bleikja (flokkuð með silungi á mynd 50) meginuppistaða framleiðslu úr fiskeldi og þar á eftir koma lax og þorskur.

MYND 51

Slátrun á eldisfiski í þúsundum tonna, heill óslægður fiskur



Heimild: Hagstofa Íslands

Heildarframleiðsla úr fiskeldi var 4.800 tonn (heill óslægður fiskur) árið 2010. Áætlun fyrir árið 2011 er upp á 5.620 tonn og munar þar mest um aukningu í bleikju og laxi. Búist er við frekari aukningu á næstu árum. Framleiðslugeta fyrirtækja hefur jafnt og þétt verið að aukast og ný fyrirtæki hafa hafið starfsemi síðastliðin ár. Áætlað er að ársframleiðsla úr fiskeldi geti náð hátt í 10.000 tonn á næstu fimm árum.

MYND 52

Útflutningsverðmæti eldisfisks í milljónum króna á föstu verðlagi ársins 2010



Heimild: Hagstofa Íslands og Íslandsbanki

Árið 2010 var útflutningsverðmæti á eldisfiski 3,1 milljarðar króna. Útflutningsverðmæti hefur aukist undanfarin ár eftir mikla lækkun árið 2007 vegna falls í framleiðslu. Á síðasta ári voru um 1,4 þúsund tonn af eldissilungi, þ.e. bleikju og regnbogasilungi, flutt úr landi fyrir um 1,5 milljarða króna. Útflutningsverðmæti eldislax var komið í 1,1 milljarð króna árið 2010 og hefur hækkað þó nokkuð eftir hrun laxeldis árið 2006, aðallega vegna verðhækkana á laxi á alþjóðlegum mörkuðum. Tölur um útflutningsverðmæti eldisþorsks liggja ekki fyrir þar sem Hagstofa Íslands aðgreinir ekki eldisþorsk frá villtum þorski nema að litlu leyti. Ef hins vegar er miðað við meðalverð á villtum þorski var áætlað útflutningsverðmæti eldisþorsks 0,3 milljarðar króna árið 2010.

Heimildir

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. World Economic Outlook Databases. Fáanlegt á http://www.imf.org/external/data.htm

Department for Enviroment, Food and Rural Affairs. Environmental Impacts of Food Production and Consumption. Fáanlegt á http://www.ifr.ac.uk/waste/Reports/DEFRA-Environmental%20Impacts%20of%20Food%20Production%20%20Consumption.pdf

FAO (Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna). Deild sjávarútvegs og lagareldis. Fáanleg á: http://www.fao.org/fishery/en

FAO (Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna). Food Outlook. Global Market Analysis. Fáanlegt á http://www.fao.org/docrep/014/al978e/al978e00.pdf.

Fiskistofa. Úthlutun aflaheimilda fiskveiðiárið 2011/12. Fáanleg á: http://www.fiskistofa.is/veidar/aflaheimildir/uthlutadaflamark/

Hafrannsóknastofnunin, 2011. Nytjastofnar sjávar 2010/2011 Aflahorfur fiskveiðiárið 2011/2012. Fáanleg á: http://www.hafro.is

Hagstofa Íslands. Sjávarútvegur og landbúnaður. Fáanleg á: http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Sjavarutvegur-og-landbunadur

Landssamband fiskeldisstöðva. Fáanleg á: http://www.lfh.is

North Sea foundation. The carbon footprint of fisheries. Fáanlegt á http://www.seas-at-risk.org/1mages/Carbon%20footprint%20brochure%20final%20final.pdf

OECD-FAO. Agriculture Outlook 2011–2020. Fáanleg á http://www.agri-outlook.org/pages/0,2987,en_36774715_36775671_1_1_1_1_1,00.html

United Nations, Department of Economic and Social Affairs. Population Division. Fáanlegt á http://esa.un.org

World Healt Organization. WHO NCD Surveillance strategy. Fáanlegt á http://www.who.int/ncd_surveillance/strategy/en/index.html

Þjóðhagsstofnun. Sögulegt yfirlit hagtalna. Fáanleg á: http://www2.stjr.is/frr/thst/rit/sogulegt/index.htm

Myndir

Mynd 1: Neysla sjávarafurða á heimsvísu, kg á mann á ári. Heimild: FAO. Bls. 7

Mynd 2: Kjötneysla, kg á mann á ári. Heimild: FAO. Bls. 7

Mynd 3: Mannfjöldaþróun til ársins 2050, milljarðar. Heimild: United Nations, Department of Economic and Social Affairs Bls. 7

Mynd 4: Hlutfallslegur vöxtur í neyslu á mann frá meðaltali áranna 2008–10 til árins 2020. Heimild: OECD og FAO. Bls.7

Mynd 5: Eftirspurn eftir sjávarafurðum til manneldis til ársins 2050. Heimild: Íslandsbanki. Bls. 7

Mynd 6: Fiskeldi af heildarfiskneyslu til manneldis. Heimild: OECD og FAO. Bls. 8

Mynd 7: Fiskverðsvísitala FAO. Heimild: FAO Bls. 8

Mynd 8: Heimsverð á kjötafurðum. Heimild: OECD og FAO Bls. 8

Mynd 9: Heimsverð á olíum og mjöli. Heimild: OECD og FAO Bls. 8

Mynd 10: Kg af CO2 sem þarf til að framleiða 1 kg af kjöti. Heimild: Department for Enviroment, Food and Rural Affairs og North Sea foundation. Bls. 9

Mynd 11: Afli 20 stærstu fiskveiðiþjóða heims árið 2009 í milljónum tonna. Heimild: FAO. Bls. 10

Mynd 12: Neysla sjávarútvegsafurða í helstu útflutningslöndum Íslands árið 2007 og meðaltal heimsálfa (kg/mann). Heimild: FAO. Bls. 10

Mynd 13: Hlutfallið nettó skuldir/EBITDA fyrir sjávarútveginn. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 11

Mynd 14: Verðvísitala sjávarafurða. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 11

Mynd 15: Verðvísitala sjávarafurða. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 11

Mynd 16: Vegið meðalverð (selt beint til fiskverkenda og selt á innlendum mörkuðum). Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 12

Mynd 17: Hagnaður íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) 1981–2009. Heimild: Hagstofa Íslands og Þjóðhagsstofnun. Bls. 13

Mynd 18: Hlutdeild stærstu 10 kvótahafa í leyfðum heildarafla 1992–2010. Heimild: Íslandsbanki og Fiskistofa. Bls. 13

Mynd 19: Fiskiskipastóllinn, fjöldi og brúttótonn. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 14

Mynd 20: Hlutur atvinnugreina í landsframleiðslu. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 15

Mynd 21: Fiskveiðar og fiskvinnsla sem prósentuhlutfall vergrar landsframleiðslu. Heimild: Hagstofa Íslands Bls. 15

Mynd 22: Starfandi einstaklingar í sjávarútvegi, 1992–2010. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 15

Mynd 23: Útflutningsverðmæti á verðlagi hvers árs, milljarðar króna. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 16

Mynd 24: Vöru- og þjónustuútflutningur, 2006–2010. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 16

Mynd 25: Útflutningsverðmæti sjávarafurða (á föstu verðlagi ársins 2010) í milljörðum króna. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 16

Mynd 26: Útflutningur sjávarafurða eftir tegundum árið 2010. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls.16

Mynd 27: Útflutningur sjávarafurða eftir löndum árið 2010. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 16

Mynd 28: Útflutningur sjávarafurða eftir heimsálfum árið 2010. Heimild Hagstofa Íslands. Bls. 16

Mynd 29: Útflutningsverðmæti sjávarafurða eftir tegundahópum, fast verðlag árið 2010 í milljónum króna. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 17

Mynd 30: Útflutningur botnfisktegunda árið 2010. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 18

Mynd 31: Útflutningsverðmæti botnfisktegunda , á föstu verðlagi árið 2010 í milljónum króna. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 18
Mynd 32: Útflutningur uppsjávartegunda árið 2010. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 18
Mynd 33: Útflutningsverðmæti uppsjávartegunda , á föstu verðlagi árið 2010 í milljónum króna. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 18
Mynd 34: Útflutningsverðmæti sjávarafurða eftir afurðaflokkum árið 2010. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 19
Mynd 35: Útflutningsverðmæti sjávarafurða í milljörðum króna 2008–2012. Heimild: Íslandsbanki og Hagstofa Íslands. Bls. 19
Mynd 36: Afli íslenskra skipa af öllum miðum, 1945–2010. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 20
Mynd 37: Aflaverðmæti eftir tegundum árið 2010. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 20
Mynd 38: Þorskafli 1955–2010. Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands. Bls. 21
Mynd 39: Viðmiðunar- og hrygningarstofn þorsks, 1955–2011. Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands. Bls. 21
Mynd 40: Ýsuafli 1950–2010. Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands. Bls. 21
Mynd 41: Stofn og hrygningarstofn ýsu 1979–2011. Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands. Bls. 21
Mynd 42: Ufsaafli, 1955–2010. Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands. Bls. 21
Mynd 43: Stofn og hrygningarstofn ufsa, 1980–2011, í þúsundum tonna. Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands. Bls. 21
Mynd 44: Afli íslensku sumargotssíldarinnar, 1990–2019, í þúsundum tonna. Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands. Bls. 21
Mynd 45: Afli norsk íslensku síldarinnar, 1990–2010, í þúsundum tonna. Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands. Bls. 21
Mynd 46: Karfaafli 1978–2010. Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands. Bls. 22
Mynd 47: Loðnuafli, 1984–2010. Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands. Bls. 22
Mynd 48: Makrílafli 1972–2010. Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands. Bls. 22
Mynd 49: Hrygningarstofn makríls, 1975–2010. Heimild: Hafrannsóknastofnun Íslands. Bls. 22
Mynd 50: Hlutur fiskeldis af heildarfiskframleiðslu í heiminum til manneldis. Heimild: OECD og FAO. Bls. 23
Mynd 51: Slátrun á eldisfiski í þúsundum tonna, heill óslægður fiskur. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 23
Mynd 52: Útflutningsverðmæti eldisfisk í milljónum króna á föstu verðlagi ársins 2010. Heimild: Hagstofa Íslands og Íslandsbanki. Bls. 23

Töflur

Tafla 1: Rekstrayfirlit fiskveiða og fiskvinnslu, 1997–2008. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 11
Tafla 2: Leyfður heildarafli stærstu 50 félaga 2011, í þorskígildistonnum og prósentum. Heimild: Íslandsbanki og Fiskistofa. Bls. 13
Tafla 3: Störf við fiskveiðar og fiskvinnslu 2010. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 15
Tafla 4: Útflutningsverðmæti eftir tegundum og löndum fyrir sjö verðmætustu tegundirnar árið 2010. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 17
Tafla 5: Útflutningsverðmæti annarra valdra tegunda árið 2010. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 19
Tafla 6: Útflutningsverðmæti sjávarafurða eftir vinnslugreinum árið 2010 í milljónum króna. Heimild: Hagstofa Íslands. Bls. 19

Markaðsskýrsla um íslenskan sjávarútveg var rituð af:

Rúnar Jónsson – Viðskiptastjóri | Sjávarútvegur – Íslandsbanki – runar.jonsson@islandsbanki.is

Ragnar Guðjónsson – Viðskiptastjóri | Sjávarútvegur – Íslandsbanki – ragnar.gudjonsson@islandsbanki.is

Karen Jóhannsdóttir – Sérfræðingur| Sjávarútvegur – Íslandsbanki – karen.johannsdottir@islandsbanki.is

Sigurjón Magnússon – Sérfræðingur | Sjávarútvegur – Íslandsbanki – sigurjon.magnusson@islandsbanki.is

Fyrirvari

Þessi skýrsla var saminn af Íslandsbanka hf.

Upplýsingar þær sem fram koma í þessari skýrslu byggjast á gögnum sem eru aðgengileg almenningi og upplýsingum frá mismunandi heimildum sem teljast vera áreiðanlegar. Upplýsingarnar hafa ekki verið sannprófaðar sjálfstætt af Íslandsbanka hf., sem af þeim ástæðum ábyrgist ekki að upplýsingarnar séu alhliða og nákvæmar. Allar skoðanir sem fram koma í skýrslu þessari eru höfundarins/höfundanna á þeim tíma þegar ritun fór fram og kunna að breytast án fyrirvara. Íslandsbanka hf. ber engin skylda til að uppfæra, aðlaga eða gera breytingar á þessari samantekt eða til að tilkynna með öðrum hætti lesanda eða viðtakanda þessarar samantektar ef efni það sem fjallað er um í skýrslu þessari breytist eða verður ónákvæmt á síðari stigum.

Samantekt þessi er upplýsandi að upplagi, og ætti ekki að túlka hana sem ráðleggingu um að takast á hendur eða takast ekki á hendur einhverja ákveðna fjárfestingu. Skýrsla þessi felur ekki í sér tilboð eða boð um kaup, sölu eða áskrift á neinum tilteknum fjármálagerningi.

Íslandsbanki hf. gengst ekki við neinni ábyrgð á hugsanlegu tapi eða öðrum afleiðingum sem stafa af ákvörðunum sem byggjast á upplýsingum í þessari skýrslu. Allt tjón sem leiðir af notkun þeirra upplýsinga sem fram koma í þessari skýrslu skal vera alfarið á ábyrgð viðkomandi fjárfestis. Áður en tekin er ákvörðun um fjárfestingu er mikilvægt að leita sérfræðiálits og kynna sér vel fjárfestingarmarkaðinn og mismunandi fjárfestingarvalkosti.

Margháttuð fjármálaáhætta tengist ávallt fjárfestingarstarfsemi, eins og áhættan varðandi ávöxtun eða áhættan varðandi glötun á því fjármagni sem hefur verið fjárfest. Enn fremur skal hafa í huga fyrir því að alþjóðleg fjárfestingarstarfsemi felur í sér áhættu sem tengist stjórnmálalegum og efnahagslegum óvissuþáttum, sem og gjaldeyrisáhættu. Fjárfestingarmarkmið og fjárhagsstaða er mismunandi eftir fjárfestum. Fyrri ávöxtun fjárfestingar sýnir ekki eða tryggir ávöxtun í framtíðinni.

Skýrslur og aðrar upplýsingar sem fengnar eru frá Íslandsbanka hf. eru eingöngu ætlaðar til einkanota.

Efnið má ekki afrita, vísa til þess eða dreifa því, að hluta eða í heild, án skriflegrar heimildar frá Íslandsbanka hf.

Skjal þetta er stutt samantekt og er ekki ætlað að innihalda allar fáanlegar upplýsingar um efni það sem fjallað er um.

Eftirlitsaðili: Fjármálaeftirlitið (www.fme.is)

Bandaríkin

Skýrslu þessari eða afriti hennar má ekki dreifa innan Bandaríkjanna eða til viðtakenda sem eru bandarískir ríkisborgarar í andstöðu við takmarkanir sem kveðið er á um í bandarískri löggjöf. Dreifing skýrslunnar í Bandaríkjunum kynni að skoðast vera brot á þeim lögum.

Kanada

Upplýsingum þeim sem settar eru fram í þessu riti er ekki ætlað að vera dreift eða komið í umferð með neinum hætti í Kanada og ættu þ.a.l. ekki að túlkast sem neins konar fjármálaleg ráðlegging eða ráðgjöf eins og sú sem kveðið er á um í merkingu kanadískra laga um verðbréf.

Önnur lönd

Lög og reglur í öðrum löndum kunna einnig að leggja hömlur á dreifingu þessarar skýrslu.

Samantekt þessi felur ekki í sér boð um þjónustu af hálfu Íslandsbanka hf. innan Bandaríkjanna eða í Kanada.

Varðandi frekari upplýsingar í tengslum við þennan inngang, sjá: https://www.islandsbanki.is

Íslandsbanki
Traustur samstarfsaðili í sjávarútvegi

Sjávarútvegsteymi Íslandsbanka

Íslandsbanki, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, Iceland
Sími: 440 4500

Frekari upplýsingar:
fiskur@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is/fiskur